

Tillaga um aukna næmni á lýðfræði og eftirspurn eftir íbúðum á hverju svæði fyrir sig við þróun skipulags

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykki að horfa betur á hlutfall, framboð og eftirspurn íbúða og húsagerða fyrir hvert hverfi fyrir og hverfa frá notkun almennra viðmiða. Lýðfræðigreiningar fyrir hvert hverfi verði unnar og notaðar sem grunnur að þróun skipulags innan hverfanna. Auk þess verði eftirspurn könnuð á hverjum stað fyrir sig eins og kostur er. Stærð og herbergjafjöldi íbúða, fjöldi og gerð óhagnaðardriffinna íbúða og íbúðagerðir aðlagi sig að þörfum hverfs hverfis fyrir sig með þarfir íbúa og blöndun byggðar að leiðarljósi.

Greinargerð:

Mikilvægt er að horfa á hlutfall og framboð íbúða- og húsagerða í stóra samhenginu og ekki síst út frá viðkomandi skólahverfi fremur en að horfa þröngt á blöndun á afmörkuðum reitum eða í stökum húsnæðisverkefnum. Gildandi markmið og ákvæði aðalskipulags kveður á um eftirfarandi: „Innan hvers skólahverfis, hverfahluta og eftir atvikum götureita verði fjölbreytt framboð húsagerða, minni og stærri íbúða í fjölbýli og sérbýli, til að tryggja félagslega fjölbreytni. Við mat á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á einstökum reitum verði ávallt tekið mið af félagslegri stöðu viðkomandi hverfis og almennum markmiðum húsnæðisstefnu fyrir borgina í heild. (...) Áform um þéttingu byggðar og gerð nýs íbúðarhúsnæðis verði ávallt metin með hliðsjón af núverandi stöðu í viðkomandi skólahverfi, svo sem framboði þjónustupátta, félagslegri stöðu og núverandi blöndun húsagerða.“ (AR2040, bls. 68)